

Unnið fyrir
Veiðifélag Núpár.


ÁRANGUR FISKRÆKTAR Í
NÚPÁ EYJAHREPPÍ

Sigurður Már Einarsson

Eintak bókasafns.

Veiðimálastofnun Vesturlands.

VMST-V/87025



VEIÐIMÁLASTOFNUN

Fiskrækt og fiskeldi • Rannsóknir og ráðgjöf.

Borgarnesi, desember 1987

VMST-V/87025

ARANGUR FISKRÉKTAR I
NÚPÁ EYJAHREPPI

1. INNGANGUR

A undanförnum árum hefur verið gerð tilraun til þess að auka laxgengd í Núpá með stangveiði á laxi í huga og auka þar með afrakstur og verðmæti árinnar. Helstu aðferðir sem beitt hefur verið til aukningar á laxgengd er með sleppingum bæði sumaralinna laxaseiða og sjögönguseiða. Hin síðustu ár hafa slikein sleppingar verið gerðar að undangenginni könnun og ráðleggingum fiskifræðinga (Þórir Dan Jónsson 1983, Sigurður Már Einarsson 1985). Í ljós hefur komið að nær enqinn náttúrulegur laxastofn er til staðar í ánni og hefur erfiðum umhverfisskilyrðum verið kennt um og áin á mörkum þess að geta framleitt lax (Þórir Dan Jónsson 1983). Áin hefur hins vegar að mörgu levti góð uppvaxtarskilyrði hvað botngerð og straumlag varðar einkum á efri hluta árinnar. A þau svæði hefur sumaröldum laxaseiðum verið sleppt hin síðustu ár, auk gönguseiða. Í þessari skýrslu verður gerð grein fyrir niðurstöðum athugunar sem gerð var á seiðastofni árinnar 1987 auk úrvinnslu hreisturssýna, en hreistri hefur verið safnað síðustu 2 ár af löxum sem veiðst hafa í ánni í því skyni að heimfæra þá til náttúrulegs uppruna eða sleppiuppruna.

2. AÐFERDIR

Rafveiðar voru framkvæmdar á 3 stöðum í ánni þann 9. júlí 1987 og er staðsetning veiðistaða sýnd á mynd 1. Nánari aðferðalyssingar er að finna í fyrri skýrslu. Úrvinnsla fór einniq fram á hreistri sem barst úr laxveiði árin 1986-1987. Ferskvatns- og sjávaraldur laxanna var lesinn og laxar upprunnir úr sleppingum aðgreindir eftir hreistursmynstri þeirra (Finnur Garðarsson 1984).

3. NIÐURSTÖÐUR

3.1 RAFVEIÐAR

A veiðistöðum fengust bæði laxaseiði og bleikjuseiði (Tafla 1) og er það í samræmi við fyrri athuganir. A veiðistöðum 1 og 2 var lax í meirihluta (Tafla 1), en lítið varð vart við bleikju. A neðsta veiðistað var bleikja hins vegar ráðandi.

Af vexti laxaseiðanna (Tafla 2, Mynd 2) og hreistursmynstri og kvarnamynstri má sjá að öll laxaseiðin eru af sleppiuppruna og frá sleppingu 1985. Seiðin hafa vaxið sæmilega. Hluti sleppingarinnar hefur náð göngustærð eftir 2 ár í ferskvatni, en afgangurinn fer út eftir 3 ár, þ.e. vorið 1988. Er þetta í samræmi við fyrri niðurstöður.

Bleikjan veiðist einkum á neðsta veiðistað, en bar eru skilyrði fyrir lax tekin að versna vegna óheppilegrar botngerðar.

Af niðurstöðum má draga þá ályktun að náttúruleg hrygning virðist ekki hafa átt sér stað síðustu ár eða hún misfarist, bar eða laxaseiði af náttúrulegum upprunæ finnast ekki í ánni. Þetta er sama þróun og sést hefur undanfarin ár, þ.e. eigin framleiðsla árinna virðist vera sáralítill.

3.2 HREISTURSATHUGANIR

Arið 1986 bárust sýni af 6 löxum (Tafla 3) auk þess bárust sýni af 2 sjóbirtingum (Viðauki 1). Meiri hluti laxanna eða 83.3% reyndist smálax (1 ár í sjó). Hreisturssýni 5 af 6 löxum sýndi að þeir voru af sleppiuppruna eða 83.3%, allir frá sleppingu sumaralinna laxaseiða árið 1983. Af löxum veiddum 1987 bárust alls 15 sýni, en auk þess 1 sýni af sjóbirting. Af laxahreistrinu reyndist unnt að lesa 14 sýni. Niðurstöður eru sýndar í töflu 4. Reyndust þar 12 fiskar vera að koma eftir 1 ár í jó (85.7%) og 14.3% eftir 2 ár í sjó. Ummerki í hreistri sýndu að 12 fiskar voru af sleppiuppruna, þ.e. sleppingu sumaraldra laxaseiða eða 85.7%.

I töflu 5 er áætlað það magn lax i heildarstangveiði sem upprunið er úr smáseiðasleppingu árin 1982-1984. Ljóst er að magn laxa við sleppingu 1982 er lágmarkstala, þar sem ekki er tekið tillit til laxa sem skiliðu sér úr sleppingu fyrir 1986 og laxar úr sleppingu 1983 og 1984 eiga enn eftir að skila sér að hluta i ána. Athyglisvert er að um 0.7% hafa skilað sér úr sleppingu 1983 sem er allgóður árangur. Algengt er að um 1% af löxum endurheimtist í stangveiði úr sleppingu sumaralinna seiða.

4. ALYKTANIR

Af niðurstöðum athuganna í Núpá virðist ljóst að eigin framleiðsla árinna láxi er sáralítill. Lax sem veiðist í ánni nú má rekja að stærstum hluta til sleppinga sumaralinna seiða í vatnakerfið. Áætlað hefur verið að framleiðslusvæði Núpár séu fullnýtt með sleppingu um 5000 seiða. Ef því magni væri sleppt árlega gætu veiðst um 50 laxar árlega eftir slikein sleppningar ef endurheimtuprósentan væri 1%. Slikar endurheimtur hafa náðst í mör gum ám og virðist geta orðið svipuð í Núpá.

Sleppningar gönguseiða í ána 1986 virðast engu hafa skilað 1987. Astæður eru ekki ljósar. Hér skal drepið á fáein atriði sem skipt geta málí. I fyrsta lagi er talið sleppningar á seiðum í móðurá hafi gefið betri endurheimtur en sleppningar á sama stofni í aðrar ár. Við ræktun Núpár er því líklegra til árangurs að nota bá fiska sem snúa til baka í ána í ræktun. Gildir þetta bæði um sumaralin seiði og sjögönguseiði.

Sjögönguseiðum var sleppt neðarlega í Núpá en þau voru fóðruð í flotkassa í nokkurn tíma og síðan dregin niður á ósasvæði við sleppingu. Hugsanlega hefur sleppistaður haft áhrif. Því vitað er að ratvisi laxa er mjög nákvæm og ef sleppt er mjög neðarlega í vatnakerfi, er hætta á að lítið komi fram af laxinum ef ekki eru veiðistaðir á því svæði, þ.e. að lax

leitar á sleppistaðinn og gengur ekki nágu vel fram ána. Hins vegar aukast endurheimtur oft ef slept er neðarlega. Þá er hugsanlegt að affölli á ósasvæði sér mikil, en svæðið er liklegt til að valda verulegum afföllum á gönguseiðum, þar sem mikið útfyri er og hætta á að seiði lendi í erfiðleikum er þau ganga til sjávar.

5. RADLEGGINGAR

Eftirfarandi atriði tel ég að veiðifélagið eigi að taka til skoðunar:

1. Framvegis verði reynt að nota stofn árinnar til undaneldis við allar seiðasleppingar.
2. Að árlega sé sleppt um 5000 sumaröldum seiðum á framleiðslusvæði árinnar, meðan að hrygning tekst ekki eða misferst.
3. Gönquseiðasleppingar hafa mistekist hingað til. Tel ég þó að slíkum tilraunum beri að halda áfram því ef takast á að gera Núpá að verulegri veiðiá eru gönquseiðin eina leiðin til að fá viðbótarmagn af laxi í ána. Tel ég vænlegast að athuga með gerð sleppitjarnar í ána t.d. fyrir neðan Dalsmynni, b.e. að færa sleppinguna ofar í ána. Fóðra seiðin lengur en gert hefur verið, b.e. taka þau mjög snemma, t.d. um miðjan maí og leyfa þeim að fara til sjávar af eigin rammleik er þau eru tilbúin. Einnig að seiðin yrðu merkt með örmerkjum til að athuga hvor fiskurinn kæmi fram.

6. HEIMILDIR


Finnur Garðarsson 1984. Laxarannsóknir í Hrútafjarðará árið 1983. Veiðimálastofnun. Handrit 10 bls.

Sigurður Már Einarsson 1985. Könnun á styrkleika Núpá í Eyjahreppi til laxaframleiðslu. Rannsóknarskýrsla. VMST-V/87002. 8 bls.

Bórir Dan Jónsson 1983. Núpá Eyjahreppi 1981-1982. VMST-V. Skýrsla. 6 bls.







MYND 11

VATNAKERFI NÜPAR I EYJAHREPPI.
RAFVEIDISTADIR ERU SYNDIR MED NÚMERUM.



MYND 21

LENGDARDREIFFING OG ALDUR LAXFISKASEIDA I
NUPA 9. JULI 1987.



TAFLA_1

FJOLDI_LAXFISKASEIDA_I_NUPA_9._JULI_1987
A_100_M2_BOTNFLATARMALI
 (*: LAX UR SLEPPINGU SUMARALINNA SEIDA 1985)

VEIDI-STADUR	<u>LAX</u>				BLEIKJA ---ST---
	<u>0+</u>	<u>1+</u>	<u>2+</u>	<u>ST</u>	
1.	-	-	3.7*	3.7*	-
2.	-	-	19.4*	19.4*	4.0
3.	-	-	1.2*	1.2*	13.3

TAFLA_2

VOXTUR_LAXASEIDA_I_NUPA_9._JULI_1987

VEIDI-STADUR	<u>ALDUR</u>	<u>MEDALLENGD</u>	<u>SD</u>	<u>N</u>
1.	2+	10.9	0.81	12
2.	2+	10.3	0.94	21
3.	2+	11.8	0.78	2

TAFLA_3

ALDURSGREINING_LAXA_EFTIR_HREISTURSSYNUM
UR_NUPA_1986

AR_I_SJO AR_I_F.V.	<u>1 AR</u>			<u>2 AR</u>			<u>FJOLDI</u>	<u>FJOLDI</u>
	<u>HÆ</u>	<u>HR</u>	<u>ALLS</u>	<u>HÆ</u>	<u>HR</u>	<u>ALLS</u>	<u>N</u>	<u>N</u>
2	4	1	5	-	-	-	5	83.3
3	-	-	-	-	-	-	0	0.0
4	-	-	-	1	0	1	1	16.7
	<u>4</u>	<u>1</u>	<u>5</u>	<u>1</u>	<u>0</u>	<u>1</u>	<u>6</u>	<u>-----</u>
	83.3%			16.7%			100.0	

TAFLA_4

ALDURSGREINING_LAXA_EFTIR_HREISTURSSYNUM
UR_NUPA_1987

AR I SJO AR I F.V.	1 AR			2 AR			FJOLDI N	FJOLDI %
	HÆ	HR	ALLS	HÆ	HR	ALLS		
2	4	1	5	-	-	-	5	35.7
3	5	1	6	1	1	2	8	57.1
4	1	0	1	-	-	-	1	7.2
FJOLDI FJOLDI (%)	10	2	12	1	1	2	14	----- 100.0
			85.7%			14.3%		

TAFLA_5

AETLADUR_FJOLDI_LAXA_SEM-ENDURHEIMTST
HEFUR_I_NUPA_ARIN_1986-1987 UR_SLEPPINGU
SUMARALINNA_LAXASEIDA_I_NUPA_1982-1984

SLEPPIAR	FJ._SLEPPISEIDA	FJ._ENDURHEIMT_			ALLS	_%
		1986	1987	ALLS		
1982	2000	0	3	3	0.15	
1983	2000	6	8	14	0.70	
1984	2000	0	8	8	0.40	

VIDAUÐI II

NIDURSTÖÐUR ALDURSGREININGAR Á LAXA- OG
URRIDAHREISTRI I NÚPA 1986-1987.

AR : 1986

Veltarfærl	Nr.	Lengd f sm.	þyngd f g	Kyn 1 = ♂ 0 = ♀	Kynproskti	Kjöltlur	Aldur	Lengd við vetur						
								1	2	3	4	5	6	7
19/7	1	61	2.25 Hr			2,1	S.L 83							
--	2	86	6.0 Hæ			4.2	Náttúrul.							
10/9	3		2.0			2.4	Sjóbirthingur.							
17/8	4	61	2.0 Hæ			2.1	SL 83							
--	5	46	1.0 Hr			2.3	Sjóbirthingur.							
--	6	62	2.25 Hæ			2.1	SL 83							
--	7	63	2.3 Hæ			2.1	SL 83							
25/8	8	61	2.0 Hæ			2.1	SL 83							

AR : 1987

Veltarfærl	Nr.	Lengd f sm.	þyngd f g	Kyn 1 = ♂ 0 = ♀	Kynproskti	Kjöltlur	Aldur	Lengd við vetur						
								1	2	3	4	5	6	7
28/7	1	83	6000 Hr			ó1.								
--	2	91	7000 Hæ			3.2	SL 82							
--	3	64	2500 Hæ			2.1	SL 84							
--	4	59	1750 Hæ			3.1	SL 83							
--	5	58	1750 Hæ			3.1	SL 83							
--	6	57	2000 Hæ			2.1	SL 84							
30/7	7	58	1750 Hæ			2.1	SL 84							
11/8	8	63	2500 Hæ			3.1	Náttúrulegt.							
12/8	9	50	1500 Hr			4.3	Sjóbirthingur.							
--	10	61	2000 Hæ			2.1	SL 84							
23/8	11	62	2500 Hr			3.1	SL 83							
28/8	12	60	2500 Hæ			3.1	SL 83							
--	13	55	2000 Hr			2.1	SL 84							
5/9	14		6000 Hr			3.2	SL 82							
6/9	15		3000 Hr			4.1	Náttúrulegt.							
--	16		3500 Hæ			3.1	SL 83							